



Íþróttadagur Æskunnar

Íþróttadagur Æskunnar verður haldinn sunnudaginn 30. ágúst og hefst klukkan 11 á íþróttavellinum Svalbarðseyri. Skráning kl. 10:30-11:00.

Keppt verður í eftirtöldum greinum:

6 ára og yngri: 60m boltakast

7-9 ára: 60m boltakast langstökk

10-12 ára: 100 m spjótkast langstökk hástökk

13-15 ára: 100 m spjótkast langstökk hástökk

Keppni í eldri flokkum og fleiri greinum verður eftir óskum þátttakenda.

Allir 15 ára og yngri þátttakendur hljóta viðurkenningu. Pylsur og safi verða svo til sölu í sjoppunni þegar yngstu keppendur hafa lokið keppni.

Hlökkum til að sjá ykkur :)

Kvenfélagið - Æskudagurinn

Á Æskudaginn verður kvenfélagið með kaffisölu, flóamarkað og uppskerumarkað.

Einnig verður bryddað upp á þeirri nýjung að vera með bókusamkeppni. Keppt verður í ýmsum flokkum; bragðbesta bakan, frumlegasta bakan, fallega bakan og fl. Dómnefndina munu skipa einstaklingar með þroskaða bragðlauka og mikla reynslu af góðgættismakki. Því viljum við biðja alla 60 ára og eldri að koma og hjálpa til við að dæma í þessari keppni.

Mætum öll og eigum góðan dag saman.

Sjáumst á Æskudaginn við íþróttavöllinn.

Kvenfélag Svalbarðsstrandar

Frjálsíþróttæfingar Æskunnar

Frjálsíþróttæfingum Æskunnar lýkur um leið og Valsárskóli hefst, síðasta æfing sumarsins verður því fimmtudaginn 21. ágúst n.k. Um leið og stjórn Æskunnar þakkar þátttökuna í sumar minnum við á vetrarstarf félagsins sem mun hefjast þegar líður á haustið.

Sumarstund í Laufáskirkju með Óskari Pé.

Sunnudagskvöldið 24. ágúst kl. 20.00 verður hugljúf sumarstund í Laufáskirkju. Um er að ræða sameiginlega kvöldstund fyrir Svalbarðssókn og Laufáss- og Grenivíkursókn. Óskar Pétursson syngur vel valin lög t.d. lög sem hann er kunnur fyrir undir stjórn Petru Bjarkar Pálsdóttur organista. Sr. Bolli verður með orð og bæn. Verið öll hjartanlega velkominn!

Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Innritun nýnema fyrir skólaárið 2014-2015 fer fram mánudaginn 25. ágúst frá 14-17 í Tónlistarskólanum.



Skólajöld eru skv. gjaldskrá Svalbarðsstrandarhrepps.

Kennarar á þessu skólaári eru Helga Kvam, Jóhann G Möller og Þórhildur Örvarsdóttir.

Fyrsti kennsludagur í Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar er fimmtudagurinn 28. ágúst.

Valsárskóli

Kæru foreldrar, nemendur, starfsmenn og aðrir velunnarar Valsárskóla.



Nú er komið að því að skólahald haustsins byrji og er það von mín að allir hafi átt góðan tíma með vinum og fjölskyldu í sumar. Mánudaginn 25. ágúst verður skólasetning klukkan 16:00 á sal skólans og þann 26. ágúst er viðtalsdagur þar sem foreldrar, kennarar og nemendur ræða starfið framundan. Foreldrar panta viðtals tíma hjá umsjónarkennara

Í upphafi skólaárs er í mörg horn að líta og hjá kennurum er eitt af mikilvægustu verkefnum að hlúa að samstarf við heimili nemenda.

Umsjónarkennari nemenda hefur umsjón með samskiptum við foreldra og forráðamenn umsjónarnemenda sinna en þó ber að hvetja foreldra til að leita eftir samtali við aðra kennara. Sérstaklega ef barn hefur tjáð sig um kvíða eða vandamál gagnvart kennara eða námsgrein er mikilvægt að slíkt sé rætt heiðarlega í upphafi vetrar.

Ef traust ríkir milli heimilis og skóla er svo miklu auðveldara að takast á við öll þau stóru og smáu álitamál sem koma upp á löngum tíma. Að mati fjölmargra fræðimanna felst lykillinn að góðum árgangi og hegðun nemenda fyrst og fremst í hlutdeild foreldra í námi barna sinna, það þurfa kennarar alltaf að hafa í huga. Áður en fyrsta viðtalið fer fram er gott að fara yfir nokkur atriði með nemandanum. Oft eru nemendur feimnir að tjá sig og það getur verið erfitt ef þeim er ekki alveg ljóst hvað þeir vilja segja. Þá getur undirbúningur bjargað miklu.

Hugmyndir af umræðuefni fyrir fyrsta viðtalið.

Hvernig nemandinn hefur hugsað sér að sinna námi sínu? Eru einhverjar hindranir í námi sem skólinn getur lagað? Hvaða tilfinningar eru ríkjandi, kvíði, tillhlökkun? Gerir nemandinn sér væntingar um að eignast nýja vini, hlakkar hann til að styrkja fyrri vinabönd? Hvaða tilfinningar ber hann til nýrra kennara sem hann kanna að hafa? Hvaða væntingar hafa foreldrar/forráðamenn? Er eitthvað sem þau vilja sjá breytast frá fyrra skólaári?

Umsjónarkennarar næsta vetur verða Guðfinna Steingrímsdóttir (1.-4.bekk), Anna Louise Júlíusdóttir (5.-7.bekk) og Helgi Viðar Tryggvason (8.-10.bekk). Allir kennarar skólans verða til viðtals á viðtalsdaginn en einungis þarf að panta viðtal hjá umsjónarkennara.

Kveðja, Inga Sigrún Atladóttir
Skólastjóri Valsárskóla

Björgunarsveitin Týr

Ágætu íbúar Svalbarðsstrandarhrepps



Björgunarsveitin Týr hefur hafið umboðssölu á Belcando hunda-
fóðri.

Þetta er hágæða hundafóður frá Þýskalandi sem dýralæknar mæla með og er meðal annars einnig selt í Dýrey á Akureyri. Allir leitarhundar björgunar-
sveitarinnar eru á þessu fóðri.

Með kaupum á hundafóðri hjá okkur styrkir þú björgunarsveitina og færð einnig besta fóðrið fyrir besta vininn.

Peir sem hafa áhuga á að skoða þetta fóður, geta haft samband og við komum til ykkar með bækling á íslensku og fríar prufur fyrir hundinn. Þá er gott að láta fylgja með stærð hunds og hreyfiþörf.

Allar frekari upplýsingar gefa Aðalsteinn s: 848 7358 og Þorgils s: 896 3247. Einnig er hægt að hafa samband í tölvupósti á tyr@internet.is eða á Facebook *Týr hundaogkattafóður Eyjafirði*.

Næstu rusladagar

21. ágúst	-	Almennt sorp
28. ágúst	-	Endurvinnsla
4. september	-	Almennt sorp

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 16. september.